

Af húsum virtum allt að 2000 krónur greiðist	16 krónur
— — — 2000— 3000 — —	8‰
— — — 3000— 5000 — —	7—
— — — 5000— 7000 — —	6—
— — — 7000—10000 — —	5—
— — — yfir 10000 — —	4—

44

10. júní

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 20%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefir lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 1. október en kostnaður við lagningu holræsa greiðist að lögn lokinni.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 200 krónum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðarkauptúns.

45

10. júní

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt í, skal greiða vatnsskatt árlega. Skal skatturinn lagður á eftir fasteignamatssverði húsanna og tölu fjölskyldna í hverju íbúðarhúsi sem hér segir:

I. FLOKKUR

Íbúðarhús, sölubúðir og önnur slík hús:

Af húsum virtum allt að 2000 krónur greiðist	5 ‰
— — — 2000— 3000 — —	4 —
— — — 3000— 5000 — —	3½—
— — — 5000— 7000 — —	3 —
— — — 7000—10000 — —	2½—
— — — yfir 10000 — —	2 —

Þá skal vatnsskattur aldrei vera lægri en 10 krónur af hverju íbúðarhúsi. Ef tvær fjölskyldur eða fleiri búa í sama húsi skal vatnsskatturinn af því húsi vera minnst 10 krónur á hverja fjölskyldu.

45

10. júní

II. FLOKKUR

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd. Sömuleiðis fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki og til hvernar annarar slíkrar notkuunar.

Fyrir vatnssalerni greiðist 2 krónur árlega. Fyrir hvern nautgrip í fjósi fráskildu íbúðarhúsi 4 krónur, en 2 krónur fyrir hvern nautgrip í fjósi áföstu við íbúðarhús. Fyrir hest greiðist 2 krónur.

2. gr.

1. Fyrir vatn til fiskþvottar skal greiða 12 auro fyrir hvert skippund fiskjar.
2. Fyrir vatn í sildar- eða kjötpækil skal greiða 5 auro fyrir hverja tunnu sildar og 10 auro fyrir hverja tunnu kjöts.
3. Fyrir vatn til skipa skal greiða 2 krónur fyrir hvert tonn eða hluta úr tonni, og greiðist vatnið strax við vatnstöku.

3. gr.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 20%. Þó má gjaldið aldrei fara fram úr 6% (6 af þúsundi) af fasteignamatsverði húseigna, er skatti þessum eiga að svara.

4. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. október ár hvert. Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu vatnsskatts og má taka hann lögtaki.

5. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá vatnsveitu Ólafsfjarðarkaupþúns nr. 96 10. sept. 1935.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Palmason.

46

29. marz

G J A L D S K R Á

fyrir sjóveitu Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Verð á sjó til fiskþvotta skal vera eins og hér segir, miðað við 100 kg af fiski:
 Af fullverkuðum fiski (þurrfiski) greiðist 16 aurar.
 Af hálfverkuðum fiski (saltfiski) greiðist 8 aurar.
 Af óverkuðum fiski (blautfiski) greiðist 4 aurar.
 Gjaldið af blautfiski greiðist aðeins af fiski, sem er settur í kassa í landi.

2. gr.

Gjald þetta fellur í gjalddaga um leið og fiskur er fluttur út eða til annara hafna innanlands.